

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis  
[nefnasvid@althingi.is](mailto:nefnasvid@althingi.is)

Reykjavík, 1. mars 2018  
Tilvísun: 2018020029

**Efni: Umsögn Útlendingastofnunar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um útlendinga, nr. 80/2016, með síðari breytingum (réttur barna til dvalarleyfis)**

Útlendingastofnun gerir ekki athugasemdir við að réttur til fjölskyldusameiningar verði rýmkaður í ákveðnum tilvikum.

Er það mat Útlendingastofnunar að sú breyting sem lögð er fram með þessu frumvarpi sé ekki fullnægjandi eins og hún er framsett. Stofnunin telur að nauðsynlegt sé að skoða VIII. kafla laganna í heild sinni til að innra samræmi laganna verði gætt og að verði breytingin gerð samkvæmt frumvarpinu sé ekki ljóst að það leysi þau vandamál sem frumvarpinu er ætlað að leysa sem og það geti leitt til meira innra ósamræmis í VIII kafla laga nr. 80/2016 (útlendingalög) en nú þegar er til staðar.

Útlendingastofnun hefur sent dómsmálaráðuneyti nokkur erindi vegna útlendingalaga. Í erindum dags. 17. febrúar og 31. júlí 2017 var meðal annars bent á þörf á að skoða ákveðin atriði í VIII. kafla laganna sem fjallar um fjölskyldusameiningu og er sérstaklega vitnað til þessara erinda hér í umsögn stofnunarinnar þar sem þær athugasemdir eiga jafnframt við vegna þessa frumvarps.

***Um VIII. kafla útlendingalaga.***

VIII. kafli útlendingalaga fjallar um fjölskyldusameiningu. Kafllinn er settur upp á þann hátt að í 69. gr. eru sett fram grunnskilyrði fjölskyldusameiningar samkvæmt kaflanum. Skilyrði þess ákvæðis þurfa í öllum tilvikum að vera uppfyllt og er það skilningur Útlendingastofnunar að synja beri dvalarleyfi ef skilyrði 69. gr. eru ekki uppfyllt. Í 70.-72. gr. eru ákvæði um einstök dvalarleyfi með sérstökum skilyrðum einstakra dvalarleyfa, þ.e fyrir maka, börn og foreldra.

Til þess að gæta samræmis innan VIII. kafla laganna þyrfti að breyta upptalningu í 1. mgr. 69. gr. ásamt því að breyta upptalningu í 71. gr. laganna. Verði það ekki gert mun verða ósamræmi á milli grunnskilyrða fjölskyldusameiningar og sérstökum skilyrðum 71. gr. Vert er að benda á að nú þegar er til staðar samsvarandi ósamræmi milli 69. gr. og 72. gr. laganna.

Vegna þessa m.a. sendi Útlendingastofnun dómsmálaráðuneyti erindi, dags. 31. júlí þar sem eftirfarandi kom fram:



# UTL

ÚTLENDINGASTOFNUN  
ICELANDIC DIRECTORATE OF IMMIGRATION

### 3. Fjölskyldusameining foreldris eldri en 67 ára

Misræmi er milli 69. og 70. gr. Í 69. gr. laganna eru talin upp skilyrði vegna fjölskyldusameiningar. Þar er ekki talið upp að námustu aðstandendur þeirra sem eru með dvalarleyfi á grundvelli 72. gr. fyrir foreldri eigi rétt á því að fá slíkt leyfi. Í 3. mgr. 70. gr. er hins vegar talið upp hvaða skilyrði þurfa að vera uppfyllt til þess að hægt sé að veita dvalarleyfi fyrir maka þess sem er með dvalarleyfi á grundvelli 72. gr.

Þetta þyrfi að vera skýrara en ekki liggur ljóst fyrir hvort að það sé ætlunin samkvæmt þessu að þeir sem eru með dvalarleyfi á grundvelli 72. gr. laganna geti fengið maka sinn hingað til lands að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Það er mat stofnunarinnar að svo sé ekki. Rökin eru þau að í 69. gr. eru tæmandi talin þau dvalarleyfi sem geta verið grundvöllur fjölskyldusameiningar. Önnur ákvæði kaflans eru sérskilyrði við 69. gr. og henni til fyllingar.

Vert er að benda á að um tvenns konar tilvik getur verið að ræða samkvæmt 72. gr. Annars vegar foreldri sem er hér á landi að hugsa um ólögráða barn sitt og hins vegar foreldri sem er 67 ára eða eldra og á maka sem er annað hvort yngri eða ekki foreldri þess einstaklings sem er búsettur hér á landi. Skoða þarf hvort þessir einstaklingar eigi að geta sótt um dvalarleyfi fyrir maka sinn og hvort mismunandi heimildir eigi að gilda um fjölskyldusameiningu þessara aðila eftir því hvort þeir eru að koma þegar þeir hafa náð 67 ára aldri eða ekki. Að mati Útlendingastofnunar eiga foreldrar eldri en 67 ára að eiga rétt á að fá maka sinn hingað til lands hafi verið stofnað til hjúskapar áður en sótt var um dvalarleyfi.

### 4. Fjölskyldusameining ef viðkomandi skilur og ætlar að búa með barninu

Í 72. gr. er ekki heimild til að veita útlendingi dvalarleyfi ef hann er foreldri erlends barns og ætlar að búa með því hér á landi.

Sem dæmi getur sú staða komið upp að tveir erlendir ríkisborgarar eru í hjúskap og eignast saman barn. Annar aðilinn er með dvalarleyfi sem maki hins. Skilji þessir einstaklingar að lögum þarf makinn dvalarleyfi á öðrum grundvelli. Muni barnið búa hjá þeim sem áður var með dvalarleyfi á grundvelli hjúskapar er ekkert dvalarleyfi í útlendingalögum sem nær yfir þá stöðu. Einungis er heimilt að veita dvalarleyfi til foreldris íslensks barns ef foreldri og barn ætla að búa saman. Ekki er heimilt að veita slíkt leyfi ef barnið er útlendingur.

Lagt er til að 3. mgr. 72. gr. verði endurskoðuðu með tilliti til þessa. Stofnunin leggur ekki fram breytingu á orðalagi að svo stöddu þar sem talið er rétt að ræða við dómsmálaráðuneyti um orðalagið.

Í erindi dags. 17. febrúar 2018 gerði Útlendingastofnun eftirfarandi athugasemdir við VIII. kafla:

### 9. 4. mgr. 71. gr. Endurnýjun dvalarleyfis fyrir barn sem hefur náð 18 ára aldri

Í eldri útlendingalögum var það ekki skilyrði að barn sem fær endurnýjun samkvæmt þessu ákvæði þurfi að búa hjá foreldrum sínum til að heimilt sé að endurnýja dvalarleyfið.

Lagt er til að skilyrði um búsetu hjá foreldrum eftir 18 ára aldur verði felld út í þeim tilvikum sem umsækjandi er í vinnu. Að mati Útlendingastofnunar er verið að gera mjög strangar kröfur. Óeðlilegt er að skylda fullorðnum einstakling, sem er að stunda atvinnu og er ekki á framsæri foreldra til að búa á heimili þeirra til að geta haldið rétti sínum til dvalar á landinu og gera jafnframt að skilyrði að hann sé hvorki í hjúskap né



# UTL

## ÚTLENDINGASTOFNUN

ICELANDIC DIRECTORATE OF IMMIGRATION

sambúð. Betur ferir á því að heimilt sé að endurnýja ákvæðið ef umsækjandi er í skóla og á framfæri foreldra eða getur sýnt fram á sjálfstæða framsærslu. Ákvæðið orðist svo:

„Heimilt er að endurnýja dvalarleyfi samkvæmt þessu ákvæði þrátt fyrir að umsækjandi hafi náð 18 ára aldri enda séu grunnskilyrði dvalarleyfis og fjölskyldusameiningar uppfyllt. Jafnframt er skilyrði að umsækjandi stundi annaðhvort nám eða störf hér á landi. Sé umsækjandi í námi er honum heimilt að vera á framfæri foreldra. Sé umsækjandi í vinnu þarf umsækjandi að sýna fram á sjálfstæða framsærslu.“

### 11. 72. gr. Dvalarleyfi fyrir foreldra

VIII. kafli er flókinn og hefur uppsetningu hans verið breytt mikið frá fyrri útlendingalögum. Ábendingar stofnunar koma fram í fylgiskjali 18. Margar athugasemdir eru við kaflann en sérstaklega skal bent á eftirfarandi atriði:

Ekki er gert ráð fyrir að foreldri barns geti haldið dvalarleyfi sínu eftir að barn nær 18 ára aldri.

Sú staða getur komið upp að erlendur ríkisborgari eignist barn hér á landi, með erlendum ríkisborgara sem er með dvalarleyfi. Barnið á þá rétt á dvalarleyfi en ekki annað foreldrið, þ.e ef foreldrar ætla ekki að búa saman. Eðlilegt getur verið að hið erlenda foreldri hafi möguleika á dvalarleyfi í þessum tilvikum. T.d. ef um er að ræða einstakling sem hefur búið hérlendis í nokkur ár og eignast barn utan hjónabands eða sambúðar. Í 3. mgr. 72. gr. er ákvæði sem nær yfir sambærileg tilvik, en einungis ef barnið er íslenskt. Lagt er til að heimilt verði að beita ákvæðinu um erlend börn ef aðstæður mæla með því.

Lagt er til að ákvæðið orðist svo:

Heimilt er að veita útlendingi sem er foreldri íslensks barns sem er yngri en 18 ára og búsett hér á landi dvalarleyfi ef foreldrið fer með eða deilir forsjá barnsins. og fullnægir skilyrðum a- c liðar. Jafnframt er heimilt að veita foreldri erlends barns dvalarleyfi í sömu tilvikum ef aðstæður málsins mæla með því.

Í ákvæðinu er ekki að finna reglugerðarheimild en unnt væri að útfæra einhver af þeim atriðum sem valdið geta vandkvæðum. Lagt er til að við ákvæðið verði bætt reglugerðarheimild í 5. mgr. sem orðist svo:

Ráðherra hefur heimild til að setja reglugerð um undanþágur frá skilyrðum 3. og 4. mgr. meðal annars um búsetuskilyrði foreldris og heimild til endurnýjunar dvalarleyfis foreldris eftir að barn hefur náð 18 ára aldri.

  
Friða Breiðfjörð Arnardóttir

Reykjavík, 1. mars 2018  
F.h. Útlendingastofnunar.



  
Sigurbjörg Rut Hoffritz

